

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs Háskóla Íslands 2020

Aðalheiður Lind Björnsdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 2018 og var semidúx skólans. Við útskrift hlaut hún fjölmörg verðlaun, þar á meðal Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún hefur lært bæði á gítar og þverflautu og leggur núna stund á rytmískan söng. Þá hefur hún bæði þjálfað og keppt í fimleikum og státar af bikarmeistaratitli í greininni. Aðalheiður hefur hafið nám í sálfræði.

Alexandra Kristín Hafsteinsdóttir var dúx Flensborgarskóla við brautskráningu í desember 2019. Í menntaskóla dvaldi hún eitt ár við nám og íshökkíæfingar í Kanada en hún æfði íþróttina lengst af ein með strákum. Alexandra hefur m.a. leikið með landsliðinu í íshokki og einnig þjálfað yngri flokka í greininni. Alexandra hefur hafið nám í jarðfræði.

Anna Karen Marinósdóttir brautskráðist frá Verkmenntaskóla Austurlands með ágætiseinkunn í vor og hlaut ýmsar viðurkenningar við það tilefni, m.a. Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún á að baki fjölmarga leiki með yngri landsliðum Íslands í blaki og komst í úrtakshóp A-landsliðs Íslands í greininni aðeins 17 ára gömul. Anna varð Íslandsmeistari með Prótti Neskaupstað árið 2018 en auk þess lét hún til sín taka í félagsmálum í menntaskóla. Anna Karen er nýnemi í landfræði.

Anna Lilja Atladóttir brautskráðist af alþjóðabraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ með ágætiseinkunn árið 2019. Á námsgöngu sinni hefur hún m.a. tekið þátt í Erasmus-verkefni um sjálfbæra þróun ásamt evrópskum jafnöldrum sínum og þá lék hún einnig með Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Anna hefur hafið nám í félagsfræði.

Anna Magnúsdóttir Eirúnardóttir var semidúx Menntaskólans við Hamrahlíð við útskrift fyrir jólin 2019 og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir mjög góðan námsárangur í þýsku. Hún hefur lokið grunnprófi í klassísku söngnámi frá Söngskólanum í Reykjavík og sungið með tveimur kórum, Gradualekór Langholtskirkju og Graduale Nobili. Anna hefur hafið nám í almenntri bókmenntafræði.

Ari Óskar Víkingsson brautskráðist með ágætiseinkunn frá Menntaskólanum á Akureyri í vor. Hann hefur lagt stund á ýmsar íþróttir og lét mikið að sér kveða í félagsstarfinu í MA, m.a. með þátttöku í Morfís fyrir hönd skólans og markaðs- og myndbandamálum á vegum nemendafélagsins. Ari hyggur á nám í sálfræði.

Arnar Ágúst Kristjánsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor með ágætiseinkunn og hlaut við það tilefni m.a. verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði. Hann hefur náð frábærum árangri í landskeppnum framhaldsskólanna í greinunum þremur auk líffræði og var boðið sæti í ólympíuliðinu í öllum greinunum fjórum í ár. Hann ákvað að taka þátt í ólympíumótinu í stærðfræði, sem fer fram í haust, en hann hefur einmitt innritast í nám í þeirri grein við Háskóla Íslands. Arnar er einnig mikill íþróttamaður og æfir körfubolta með Val.

Arnar Sigurðsson brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla um síðustu jól. Eftir að hafa hætt í menntaskóla á öðru ári sneri hann aftur til náms á þrítugsaldri og lauk stúdentsprófi með miklum stæl. Valáfangi í forritun í Fjölbrautaskólanum í Ármúla varð kveikjan að áhuga hans á faginu og nú hefur Arnar hafið nám í tölvunarfræði.

Arnbjörg Ella Sigmarsdóttir var dúx Borgarholtsskóla við brautskráningu í vor og fékk við það tilefni viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í sálfræði, félagsgreinum og kynjafræði auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Hún hefur sérstakan áhuga á sálfræði og stefnir á að vinna með ungu fólki með mikinn tilfinningavanda í framtíðinni og hyggur þess vegna á nám í sálfræði.

Ástrós Hind Rúnarsdóttir brautskráðist með ágætiseinkunn frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor en þar lét hún mikið að sér kveða í félagslífi, m.a. með miðlun á samfélagsmiðlum og í skólablöðum og sem meðlimur í stjórn Femínistafélags skólans. Ástrós hefur áhuga á að vinna með hið ritaða mál í framtíðinni og hefur þess vegna skráð sig í almenna bókmenntafræði og ritlist í Háskóla Íslands.

Berglind Erna Tryggvadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2013 með ágætiseinkunn. Hún státar nú þegar af BA- og MFA-prófum í myndlist en hefur áhuga á að mennta sig enn frekar í skapandi greinum með sérstaka áherslu á ritun og þýðingarstörf. Hún hefur því innritast í ritlist og frönsku í Háskóla Íslands.

Bjarki Baldursson Harksen brautskráðist með ágætiseinkunn frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut við það tilefni viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur í raungreinum og dönsku. Hann lét mikið að sér kveða í raungreinakeppnum framhaldsskólanna öll menntaskólaárin og hefur verið í ólympíulandsliðunum í eðlisfræði og stærðfræði. Hann á einnig að baki tónlistarnám, hefur lagt stund á margs konar íþróttir og hefur nú hafið nám í stærðfræði við Háskóla Íslands.

Brynja Marín Bjarnadóttir brautskráðist í júní frá Menntaskólanum á Akureyri með ágætiseinkunn og hlaut viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði og stærðfræði við útskrift. Hún hefur lokið miðprófi í sellóleik, leikur knattspyrnu með meistaraflokki Hamaranna í 2. deild og státar af Íslandsmeistaratitli með liðinu í yngri flokkum. Brynja lét töluvert að sér kveða í félagslífi MA og raungreinakeppnum framhaldsskólanna og hún hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Eva Maggý Lindudóttir var dúx Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við brautskráningu 2017 og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir góðan árangur í þýsku og dönsku. Hún hefur hafið nám í sálfræði í Háskóla Íslands.

Fehima Líf Purisevic útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor með ágætiseinkunn og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir góðan árangur í líffræði og stærðfræði. Fehima er öflug knattspyrnukona og var m.a. fyrirliði meistaraflokks Víkings í Ólafsvík aðeins 16 ára gömul. Hún leikur nú með Pepsi-deildarliði KR og stefnir á landsliðssæti í greininni. Fehima hefur hafið nám í læknisfræði.

Guðjón Ari Logason lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands vorið 2019 og var þá dúx skólans. Hann hlaut m.a. viðurkenningu fyrir góðan árangur í erlendum tungumálum fra Háskóla Íslands og þá náði hann framúrskarandi árangri í þýskukeppni framhaldsskólanna á menntaskólaárum sínum. Guðjón Ari leikur með meistaraflokki Fjölnis í körfubolta auk þess að leika á píanó. Hann hefur hafið nám í sálfræði.

Guðrún Guðjónsdóttir lauk námi í Borgarholtsskóla í vor með ágætiseinkunn. Hún hóf framhaldsskólanám á fertugsaldri og lauk leikskólaliðanámi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ áður en leiðin lá í Borgarholtsskóla. Guðrún á að baki störf í leikskóla og hyggst mennta sig í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands.

Guðrún Lilja Kristófersdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni árið 2018. Frá þeim tíma hefur hún m.a. lokið námi í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík og unnið á leikskóla og sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla. Sú reynsla staðfesti fyrir henni að kennarastarfið væri fyrir hana og því hefur hún innritað sig í grunnskólakennslu yngri barna.

Guðrún Ósk Ólafsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum í Ísafirði með ágætiseinkunn vorið 2019 og hlaut við það tilefni Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Hún var afar virk í félagslífi Menntaskólans á Ísafirði auk þess að leika blak með meistaraflokki Vestra. Enn fremur hefur hún lagt stund á söngnám. Guðrún Ósk hefur hafið nám í viðskiptafræði.

Helga María Magnúsdóttir útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands í vor með ágætiseinkunn og hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á stúdentsprófi. Hún hefur lokið miðprófi á þverflautu, verið virk í ungmennaráði UNICEF og tók virkan þátt í félagsstörfum í Verzló. Helga hefur hafið nám í iðnaðarverkfræði.

Hlynur Aðalsteinsson hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands við útskrift frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 2019 en þar lauk hann námi af náttúrufræðilínu. Hann stundar frjálssar íþróttir af kappi og frá þeim tíma sem liðinn er frá stúdentsprófi hefur hann m.a. sótt nám í íþróttalýðháskóla í Danmörku og hlotið landvarðarréttindi hjá Umhverfisstofnun. Umhverfismál eiga hug hans og því hefur hann innritast í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Iðunn Andradóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2018 með ágætiseinkunn og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Í menntaskóla tók hún virkan þátt í leik- og dansfélagi MA en dans hefur skipað stóran þátt í lífi hennar frá níu ára aldri og hún bæði leiðbeint yngri dönsurum og sótt dansnám í útlöndum. Þá hefur hún tekið þátt í starfi Leikfélags Akureyrar. Iðunn hefur hafið nám í hjúkrunarfræði.

Jason Andri Gíslason lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor með ágætiseinkunn og hlaut verðlaun fyrir kunnáttu í stærðfræði og eðlisfræði. Hann hefur verið í ólympíuliði Íslands í eðlisfræði undanfarin tvö ár og þá sigraði hann í nýsköpunarhraðlinum MenntaMaskínunni ásamt félögum sínum í fyrra en Háskóli Íslands er meðal aðstandenda hraðalsins. Jason hefur hafið nám í hagnýttri stærðfræði.

Jóhanna Ingisól Sævarsdóttir lauk í vor stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, ári fyrir en jafnaldrar hennar. Hún gerði sér auk þess lítið fyrir og var dúx skólans. Hún hefur sinnt félagsstörfum sem snerta umhverfis- og mannréttindamál samhliða framhaldsskólanámi og hefur hafið nám í félagsfræði.

Jóhanna María Bjarnadóttir brautskráðist með ágætiseinkunn frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og fékk m.a. verðlaun fyrir stærðfræði á máladeild, málvísindi og dönsku. Hún á að baki skiptinám í Argentínu og hefur samhliða menntaskólagöngu tekið þátt í skátastarfi ásamt því að leggja sitt af mörkum í félagslífi MR-inga, m.a. sem ritstýra skólablaðsins Skinfaxa. Jóhanna hefur nám í grunnskólakennslu yngri barna í haust.

Katla Rut Robertsdóttir Kluvers dúxaði við útskrift úr Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut fjölmargar viðurkenningar við það tilefni. Auk þess að taka virkan þátt í félagslífi MR náði hún frábærum árangri í bæði þýskubraut framhaldsskólanna og landskeppninni í líffræði og hún var í landsliði Íslands sem tók þátt í ólympíumótinu í líffræði fyrir í sumar. Katla er enn fremur frábær frjálssíþróttakona og hefur verið valin í úrvalshóp ungmenna Frjálssíþróttasambands Íslands. Katla hefur hafið nám í lækisfræði.

Lieu Thúy Thi Ngo hefur þegar lokið BA-próf í íslensku en hún kom hingað til lands frá Víetnam árið 2009 og á tvö börn sem eru tvítýngd. Hún hefur undanfarin fimm ár starfað sem stuðningsfulltrúi víetnömskumælandi barna í Háaleitisskóla og hefur í hyggju að verða kennari tvítýngdra barna. Hún hefur því innritast í MT-nám í kennslu íslensku.

Magnús Gauti Úlfarsson var dúx Borgarholtsskóla vorið 2019 en þaðan lauk hann stúdentsprófi af afrekssviði og hlaut fjölmargar viðurkenningar fyrir námsárangur. Magnús er er í hópi fremstu borðtennisþilara landsins og hefur verið í íslenska landsliðinu undanfarin ár og tekið þátt í bæði Evrópu- og heimsmeistaramótum. Hann hefur unnið nánast alla titla sem í boði eru í greininni hér á

landi og státar einnig af verðlaunum fyrir sigur í næstefstu deildinni í Noregi frá liðnum vetri. Magnús hefur hafið nám í lyfjafræði.

Margrét Björk Daðadóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2019 með ágætiseinkunn og hlaut verðlaun fyrir góða frammistöðu í þýsku. Hún hefur lokið miðprófi í söng og hyggst áfram leggja stund á söngnám samhliða námi í Háskóla Íslands. Hún hefur tekið virkan þátt í kórastarfi Langholtskirkju, m.a. í uppsetningum á vegum Íslensku óperunnar, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og balletts St. Pétursborgar. Þá var hún bakrödd í laginu *Oculis Videre* í Söngvakeppni Sjóvarpsins sl. vetur. Margrét hefur hafið nám í íslensku.

Marta Carrasco hlaut ágætiseinkunn og Menntaverðlaun Háskóla Íslands við útskrift úr Kvinnaskólanum í Reykjavík vorið 2018. Ferðalög hafa skipað stóran sess í lífi hennar og á hún að baki langan keppnisferil í samkvæmisdönsum. Hún hefur dansað í ýmsum sýningum auk þess sem hún tók þátt í hinum vinsælu sjónvarpsþáttum *Allir geta dansað á Stöð 2* síðastliðinn vetur. Hún hefur einnig verið virk í umhverfisverndarmálum í gegnum ungmennasamtök *Jane Goodall, Roots & Shoots*. Marta hefur innritast í landfræði.

Monika Jóhanna Karlsdóttir lauk stúdentsprófi frá myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti í vor. Hún hefur verið ötul í listsköpun og m.a. unnið teiknimyndir og hannað sýndarveruleika fyrir tölvuleiki. Námskeið í listasögu í FB varð kveikjan að áhuga hennar á listfræði. Hún hefur innritast í nám í þeirri grein í Háskóla Íslands og hyggst þannig leggja grunn að frekara námi í tölvuleikjahönnun.

Nanna Kristjánsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut þá viðurkenningu fyrir árangur í stærðfræði og félagsgreinum auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Nanna hefur m.a. verið virk í Ungmennaráði Barnaheilla en jafnframt hefur hún alla tíð haft mikinn áhuga á stærðfræði. Hún var eina stelpa hér á landi sem tryggði sér sæti í Norðurlandakeppninni í stærðfræði í ár. Lokaverkefni hennar í menntaskóla var enn fremur helgað konum innan stærðfræðinnar og þar lagði hún jafnframt grunn að stærðfræðinámsbúðunum „Stelpur diffra“ sem fram fóru í sumar. Nanna hefur hafið nám í stærðfræði og stærðfræðimenntun.

Reyn Alpha Magnúsar var annar tveggja dúxa Tækniskólans við brautskráningu í vor og hlaut margvísleg verðlaun fyrir góðan námsárangur. Reyn hefur látið mikið til sín taka í Forritunarkeppni framhaldsskólanna undanfarin ár og einnig kennt á forritunarnámskeiði Tækniskólans fyrir grunnskólanema. Hán hefur innritast í tölvunarfræði í Háskóla Íslands í haust og hefur þegar verið kjörið í stjórn Q – félag hinsegin stúdenta.

Salóme Pálsdóttir var dúx við brautskráningu stúdenta frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla í vor og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í sérgreinum íþróttar- og heilbrigðisbrautar. Heilsa og hreyfing hafa verið fyrirferðarmikil í lífi Salóme og hún hefur æft fjölmargar íþróttir, lengst frjálssar og júdó. Þá hefur hún lært á ýmis hljóðfæri auk þess að vera leiðtogi í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK. Salóme hefur hafið nám í hjúkrunarfræði.

Sóley Halldórsdóttir var dúx Menntaskólans við Hamrahlíð um síðustu jól og fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í líffræði. Hún hefur stundað sellónám og verið í kirkjukór og hefur mikinn áhuga á að leysa vandamál. Hún hefur því innritast í iðnaðarverkfræði í Háskóla Íslands.

Steinunn María Egilsdóttir brautskráðist af viðskipta- og hagfræðibraut Borgarholtsskóla í desember 2018. Hún hefur undanfarin tvö ár unnið í Danmörku en kemur nú heim til þess að hefja nám í tölvunarfræði við Háskóla Íslands en menntun sína hyggst hún nýta til þess að þróa nýjar tæknilausnir til þess að bæta andlega og líkamlega heilsu fólks.

Theodóra Björk Ægisdóttir lauk stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga í vor og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Hún lét að sér kveða bæði í félagsstarfi skólans og ýmsum námsgreinakeppnum framhaldsskólanna. Þá hefur hún einnig æft körfuknattleik með Snæfelli og m.a. orðið deildarmeistari með meistaraflokki félagsins. Theodóra hefur hafið nám í lífefna- og sameindalíffræði.

Urður Andradóttir brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2018 með ágætiseinkunn. Við útskrift hlaut hún verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði, stærðfræði, tungumálum og íslensku. Á menntaskólaárunum æfði hún, sýndi og kenndi dans og hún hefur farið utan bæði til æfinga og keppni í greininni. Þá hefur hún tekið þátt í starfi Leikfélags Akureyrar. Urður hefur hafið nám í læknisfræði.

Valdimar Örn Sverrisson útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Árangur hans í landskeppni framhaldsskólanna í eðlisfræði skilaði honum í ólympíulandsliðið í greininni í vor og hann tók þátt í ólympíumótinu í eðlisfræði fyrir Íslands hönd fyrr í sumar. Þá hefur hann einnig lagt stund á píanónám undanfarin ár. Valdimar hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Þorri Þórarinsson var dúx Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki í vor og útskrifaðist með hreina tíu í meðaleinkunn. Hann hlaut sjö viðurkenningar við útskriftina. Þorri tók virkan þátt í félagsstarfi fjölbrautaskólans og námsstuðningi við samnemendur sína. Hann hefur innritast í lífefna- og sameindalíffræði og stefnir á doktorspróf í greininni.

Örn Steinar Sigurbjörnsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og var verðlaunaður fyrir góðan árangur í stærðfræði, efnafræði, líffræði og ensku. Örn tók þátt í landskeppninni í líffræði með frábærum árangri öll þrjú árin í menntaskóla sem skilaði honum sæti í landsliði Íslands í greininni í tvígang. Þá náði hann einnig framúrskarandi árangri í landskeppnunum í efnafræði og eðlisfræði í ár og tók þátt í ólympíumótinu í fyrrnefndu greininni í sumar. Örn sigraði í nýsköpunarhraðlinum MenntaMaskínunni ásamt félögum sínum í fyrra en Háskóli Íslands er meðal aðstandenda hraðalsins. Örn Steinar hefur hafið nám í læknisfræði.